

Matvælaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 2. nóvember 2023
UST202310-115/H.G.
08.12.00

Efni: Samráðsgátt - umsögn - Uppbygging og umgjörð lagareldis - Stefna til ársins 2040 mál nr. 182/2023

Matvælastofnun kynnti þann 4. október 2023 drög að stefnumótun lagareldis til ársins 2040 í samráðsgátt. Í drögunum sem eru til samráðs er í fyrsta sinn sett fram heildstæð stefna fyrir uppbyggingu og umgjörð lagareldis. Stefnan nær til ársins 2040 og hefur að markmiði að skapa lagareldi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi. Í skjalinu er sett fram sameiginleg framtíðarsýn til ársins 2040 fyrir undirgreinar lagareldis (sjókvíaeldi, landeldi, úthafseldi og þörungarækt) og fjallað um markmið hvernar greinar til að framtíðarsýnin geti orðið að veruleika.

Vatnamál

Ein af forsendum þess að hægt sé að stunda eldi á sem sjálfbærastan hátt er að starfsemin hafi ekki óæskileg áhrif á lífríkið og að vatnshlotin sem starfað er í uppfylli umhverfismarkmið sín sem sett eru samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Tryggja þarf samræmi og flæði gagna þegar kemur að mati á burðarþoli, vöktun grunnástands vatnshlota og þeirri vöktun sem gerð er krafa um í starfsleyfi og vöktunaráætlun rekstraraðila. Umhverfisstofnun vinnur að uppsetningu gagnagáttar og vefsjár um vatnamál þar sem niðurstöður vöktunar t.d. frá fiskeldi munu verða settar inn og ástandi vatnshlota varpað fram. Horfa þarf heildstætt á hvernig best er að byggja kerfið upp m.t.t. úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Vöktunarpplýsingar sem Umhverfisstofnun fær frá starfsleyfishöfum þurfa að nýtast inn í burðarþol Hafrannsóknarstofnunar. Ljóst er að gagnagrunnar þurfa einnig að tengjast á milli stofnana. Meira bolmagn þarf í úrvinnslu gagna, utanumhald og stafræna innviði.

Mat á umhverfisáhrifum

Þauleldi á fiski yfir lögbundnum mörkum er háð eftir atvikum mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana en Umhverfisstofnun er umsagnaraðili vegna mats á umhverfisáhrifum vegna slíkra framkvæmda. Samtvinna þarf tiltekin atriði er varða stjórn vatnamála og mat á umhverfisáhrifum. Nauðsynlegt er að styrkja fjármögnun vinnu Umhverfisstofnunar við álitsgerð um mat á umhverfisáhrifum og huga að samspili mats á umhverfisáhrifum og leyfisveitinga.

Fjárveiting

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir aukinni fjárveitingu vegna lagareldis og gert ráð fyrir að efla framlög til stjórnáætlun, eftirlits, leyfisveitinga og rannsókna. Aukningin mun gera Matvælastofnun og Hafrannsóknastofnun kleift að ráða fleira starfsfólk til að sinna eftirliti og stjórnáætlun en í samræmi við fjármálaáætlun verða ráðin 20 stöðugildi til Matvælastofnunar sem mun m.a. nýtast við eftirlit með landeldi. Til starfrækslu fiskeldisstöðva þarf starfsleyfi Umhverfisstofnunar og rekstrarleyfi Matvælastofnunar, sbr. 1. mgr. 4. gr. b. laga nr. 71/2008 um fiskeldi. Mikilvægt er að hafa huga að leyfisveitingin eigi að vera unnin samhliða en leyfin eiga að vera auglýst samtímis og afhent rekstraraðila samtímis. Aukið fjármagn til málaflokksins til Matvælastofnunar og Hafrannsóknarstofnunar mun óhjákvæmilega hafa áhrif á starfsleyfisgerð og eftirlit Umhverfisstofnunar. Að sama skapi þá mun umfang eftirlits aukast stórlega hjá Umhverfisstofnun. Í dag er um það bil hálf stöðugildi innan stofnunarinnar sem sinnir starfsleyfisgerð fiskeldis og hálf til eitt stöðugildi í eftirliti. Eftirlitsmenn í fiskeldi sinna einnig öðru eftirliti en fiskeldi. Fjármagn þyrfti því jafnframt að auka til Umhverfisstofnunar svo stofnunin geti fylgt eftir áformuðum vexti greinarinnar og til að geta tekist á við aukið álag með það markmið að tryggja skilvirkni og samræmingu í leyfisveitingarferli landeldis líkt og fjallað er um í kafla 3.1. Til að hrinda stefnunni í framkvæmd er það m.a. aðgerð að starfsmönnum Matvælastofnunar verði fjölgað úr 7,6 í 20. Í stefnunni þarf jafnframt að koma fram að fjölga þurfi starfsmönnum Umhverfisstofnunar.

Mikill dráttur hefur verið á innleiðingu laga um stjórn vatnamála. Vatnamál eru í dag vanfjármögðuð og innleiðing er því í samræmi við það. Vatnshlotin eru í óþekktu ástandi og vöktun viðmiðunarvatnshlota þarf að fara af stað. Umfjöllun um þetta er m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Taka þarf afstöðu til þess hvernig fjármögnun til stjórnar vatnamála sé háttáð í tengslum við leyfisskylda starfsemi og þeirra sem nýta auðlindina. Í dag er gert ráð fyrir því að hluti fasts fjármagns sem Umhverfisstofnun fær í vatnamál sé nýttur í vöktun viðmiðunarvatnshlota í gegnum samninga við Hafrannsóknarstofnun.

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Starfsleyfi Umhverfisstofnunar til starfrækslu fiskeldis eru gefin út á grundvelli laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í þingmálaskrá kemur fram að í febrúar verða lagðar fram breytingar á ýmsum lögum vegna lagareldis, m.a. lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Umhverfisstofnun bendir á að gríðarlega mikilvægt er að unnið sé að breytingum á lögum nr. 7/1998 samhliða breytingum á lögum vegna lagareldis. Sem dæmi má nefna vantar ákvæði í lögum um höfnun umsókna um starfsleyfi og afturköllun starfsleyfa. Þá þarf að skoða setningu ákvæða um stórpörungarækt og úthafseldi.

Á bls. 73 segir að ljóst er að engin rekstar- og starfsleyfi fyrir umfangsmikið stórpörungaeldi verða gefin út fyrr en eldissvæði hafa verið skilgreind. Umhverfisstofnun bendir á að þörungaeldi er ekki starfsleyfisskilyrt skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Varðandi rannsóknar- og þróunarleyfi þá þarf jafnframt lagabreytingu á lögum nr. 7/1998 svo það gangi upp.

Lokaorð

Umhverfisstofnun telur löngu tímabært að stefna sem þessi er sett um lagareldi enda hefur greinin þróast og aukist hratt og þá sérstaklega sjókvíaeldi. Stofnunin telur margt jákvætt í stefnunni svo sem að vöktun verði aukin og að unnið sé að stefnu og löggjöf í tengslum við framtíðaráform í lagareldi en stofnunin tekur undir að mikilvægt er að gera lagabreytingar líkt og úttekt Ríkisendurskoðunar á sjókvíaeldi mælir meðal annars fyrir um.

Mikilvægt að horft verði á málaflokkinn heildstætt, þ.e. út frá dýravelferð og matvælaöryggi sem og umhverfisvernd en samráð og samstarf ráðuneyta og stofnana mun skila miklu til að tryggja framfylgd stefnunnar.

Virðingarfyllt

Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Hlín Gísladóttir,
lögfræðingur